

10. gr.

Samþykkt þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Kópavogsbæjar, staðfestist hér með samkvæmt lögum um búfjárhald nr. 46 25. mars 1991, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 65 23. mars 1965 um búfjárhald í Kópavogi.

Landbúnaðarráðuneytið, 26. ágúst 1992.

Halldór Blöndal.

Jón Höskuldsson.

REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð um vöruhappdrætti Sambands íslenskra
berklasjúklinga nr. 372 25. október 1976 með síðari breytingum.**

1. gr.

1. mgr. 6. gr. orðist svo:

Vinningar í happdrættinu skulu eigi vera færri en svo, að að minnsta kosti fjórði hver miði hljóti vinning árlega að meðaltali, og skal heildarverðmæti vinninga nema að minnsta kosti 50% af söluverði í öllum 12 flokkum.

2. gr.

Við 6. gr. bætist ný málsgrein svohljóðandi:

Stjórn happdrættisins er heimilt að kveða svo á í vinningaskrá að falli fyrsti vinningur í flokki á óseldan miða leggist hann við fyrsta vinning í næsta flokki og þannig áfram uns fyrsti vinningur í flokki fellur á seldan miða. Gildir slíkur flutningur fyrsta vinnings einnig í 12. flokki þannig að hann flyst til 1. flokks á næsta happdrættisári.

3. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt lögum um vöruhappdrætti fyrir Samband íslenskra berklasjúklinga nr. 18 22. apríl 1959, sbr. lög nr. 52/1976, lög nr. 115/1984 og lög nr. 24/1989, öðlast gildi 1. janúar 1993.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 27. ágúst 1992.

Þorsteinn Pálsson.

Jón Thors.